

LISTIR

Norræna farandsýningin Carnegie Art Award 1999 komin að Kjarvalsstöðum

Landamæri málverksins færð út


Á Kjarvalsstöðum hefur verið sett upp sýningin Carnegie Art Award 1999 en þar er að finna 56 verk eftir 27 norræna listamenn, þar af þrjá Íslendinga. Sýningin, sem verður opnuð almenningi á morgun, hefur verið á ferð milli höfuðborga Norðurlandanna frá því í október sl. og fer héðan til Lundúna þar sem ferðalagi hennar lýkur í maí.

Á SÝNINGUNNI, sem ætlað er að færa út landamæri málverksins, er að finna nýstárleg málverk, þrívíddarverk, málverk með ljósmyndaívaði, innsetningar og gjörninga.


Norræni fjárfestingabankinn Carnegie stendur að sýningunni og veitir þrenn verðlaun og einn styrk til handa ungum og efnilegum listamanni. Þetta er í annað sinn sem sýningin er haldin og er undirbúningur að hinni þriðju nú þegar í fullum gangi. Til verðlaunanna var stofnað til stuðnings hæfileikaríkum listamönnum á Norðurlöndum og til eflingar framúrskarandi samtíma-myndlistar, eins og það er orðað í kynningu.

Fyrstu verðlaun hlaut að þessu sinni Rolf Hanson frá Svíþjóð, 500.000 sænskar krónur, önnur verðlaun, 300.000, komu í hlut finnsku listakonunnar Silju Rantanen og þriðju verðlaun, 200.000 sænskar krónur, hlaut Bandaríkjamadurinn Clay Ketter, sem búsettur er í Svíþjóð. Styrkur að upphæð 50.000 sænskar krónur kom í hlut listamannsins Tal R frá Danmörku.

Hópur sérfræðinga í norrænni samtímamálaralist tilnefndi tæplega 100 listamenn til þátttöku í einskönar forkeppni og úr þeim voru á end-




Myndbreyting korts / Tveir dagar í Ascoli Piceno, 1999, olía á striga. Eitt af verkum Silju Rantanen, sem hlaut önnur verðlaun.



Kaffihlé, 1999, kvöðukennd undirmálning á fitubornar gíflísar, hornlistar úr stáli, tréeingingar. Eitt verka Clay Kettters, sem hlaut þriðju verðlaun.

anum valin 56 verk eftir 27 listamenn. Þrjú íslenskir listamenn eiga verk á sýningunni, þau Helgi Þorgils Friðjónsson, Guðrún Einarsdóttir og Georg Guðni, en sá síðastnefndi

tók einnig þátt í sýningunni á síðastliðnu ári. Í veglegri 200 síðna listaverkabók, sem gefin er út í tengslum við sýninguna, eru litmyndir af öllum verkunum, upplýsingar um lista-



Kringum tröppurnar V, 1998, olía á tréplötu. Eitt af þremur verkum Rolf Hansons á sýningunni en hann hlaut fyrstu verðlaun.



Fyrir þetta verk fékk Tal R frá Danmörku sérstakan styrk fyrir „mjög persónulega viðleitni hans til að hleypa nýju lífi í samtímamálverkið,“ eins og segir í umsögn dómnefndar.

mennina og viðtöl við verðlaunahafa og styrkþega ársins.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri opnar sýninguna í dag, en hún verður opin almenningi frá og

með morgundeginum til 2. apríl, kl. 10–18 alla daga. Á sunnudögum er boðið upp á leiðsögn um sýninguna. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

MYNDLIST

Norræna húsið

GISLE FRØYSLAND
MYNDBÖND OG INN-
SETNINGAR

Sýningin er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14 til 18 og stendur til 12. mars.

GISLE Frøysland á að baki mikinn sýningarferil og tók meðal annars þátt í hinni miklu Elektra-sýningu í Henie-Onstad-listasafninu í Ósló árið 1996 þar sem könnuð var notkun listamanna á nýjustu tækni. Þar sýndi hann verkið „Joystick“/gleðibremsa, sem einnig má sjá nú á sýningu hans í Norræna húsinu og er einmitt gott dæmi um það hvernig hann beitir tövum og tækni. Á vegg er varpað gríðarstórri mynd af fólki í verslunarmiðstöð og framan við myndina er hlaupabraut eins og þær sem notaðar eru á líkamsæktarstöðvum til að láta fólk hlaupa af sér aukaklín. Brautin er tengd við tölvuna sem stjórnar myndbandinu á veggnum og eina leiðin til að spila myndbandið er að hlaupa á brautinni. Þannig verður áhorfandinn sjálfur að geranda í verkinu sem aft-

Heimsporpið og hraði nútímans

ur á móti er fyrst og fremst ætlað að sýna á gagnrýninn hátt hraða og tilgangssleysi nútíma tæknisamfélags: Við hlaupum sífellt hraðar en komumst samt aldrei á áfangastað.

„Skrúfuhöfuð heitir annað verk sem einnig er ádeila á samband manns og véla, á örlög mannanna á tæknöld. Þar má sjá á skermi mannshöfuð en yfir skerminum hangir skrúfa eins og lítil vífta og snýst annað veifið. Um leið og skrúfan snýst framúrskarandi líka andlitið á skjánum. Líkt og gleðibremsan undirstrikar þetta verk hið undarlega og ógnvekjandi nána samband manns og tækja í nútímanum og vekur upp spurningar um það hvort við stýrum lengur tækninni eða tæknin okkur.

Stærsta verkið á sýningunni tengist þó fyrst og fremst upplýsingaflæði og – ofhlæði samtímans og þar snýr Gisle út úr hinu þekktu hugtaki „Global Village“ eða „heimsporpi“

sem kandíski fræðimaðurinn Marshall McLuhan setti fram á sjöunda áratugnum til að lýsa framtíðarsýn sinni á upplýsingasamfélagið þar sem samskipti um tölvur og síma yrðu orðin svo auðveld að allur heimurinn yrði sem eitt lítið þorp. Margir hafa litið svo á að þessi heimssýn McLuhans hafi ræst með örrí útbreiðslu tölvutækninnar en Gisle Frøysland hefur greinilega sínar efasemdir um gagnsemi eða jákvæðar afleiðingar hins óhefta upplýsingaflæðis. Á stóru, hringlaga borði hefur hann stillt upp fjölda hnattlíkana sem lýsast upp innan frá á víxl um leið og óþægilegur hávaði streymir frá hátölurum allt um kring og ruglingslegar myndir af fólki og bílum á ferð renna yfir sjónvarpsskerma sem felldir eru inn í borðröndina. Niðurstaða hins tæknivædda heims upplýsingaaldarinnar er þannig ekki notaleg þorpsstemning eins og McLuhan sá fyr-

ir sér heldur tómur hávaði og óþolandi linnulaust áreiti.

Það skemmtilegasta við verk Frøyslands er kannski af hve mikilli hugkvæmni hann beitir tækninni til að gagnrýna tæknisamfélagið. Verkin verða þannig eins konar þversögn og einmitt þeim mun áþengari fyrir það, en sýna líka að hér er ekki á ferðinni einhver ólundarlegur haldsfauskur heldur maður sem skilur og kann að beita tækninni. Fyrir það verður gagnrýni hans beittari og marktækari.

Anddyri Norræna
hússinsELSKU HELSINKI
FJÓRIR LJÓSMYNDARAR

Í ANDDYRI Norræna hússins má skoða ljósmyndir fjögurra ungra finnskra kvenna sem túlka sýn á líf fólks í Helsinki. Anna Elina Varakas

fer varfærnislega í verkefnið og sýnir af arkitektúr í jugendstíl úr gömlu hverfi í suðurhluta borgarinnar. Kati Rapia reynir hins vegar að veita áhorfendum leiðsögn með því að blanda saman myndum frá Íslandi og Helsinki og tengja saman náttúru og borg. Nina Pätilä sýnir ljósmyndir af ungu fólki úr hversdagslífinu í Helsinki, á kaffihúsum, úti á götu og heima. Loks þrængir Maarit Hohteri sér alveg inn í einkalífið og myndar fólk heima, gjarnan í rúminu. Hún tekur myndir af vinum sínum og fjölskyldu og segir verk sín vera eins konar dagbók um líf ungs fólks nú við aldhvörf. Myndir hennar minna óneitanlega á ljósmyndaraðir Nan Goldin, en einmitt þessi mikla nálgæð við viðfangsefnið hefur einkennt verk margra ungra listamanna í Finnlandi upp á síðkastið.

Finnar hafa látið mjög til sín taka á sviði ljósmyndunar undanfarið ár, einkum yngri listamenn, og sjást verk þeirra nú á sýningum úti um allan heim. Þetta litla sýnishorn sem nú má sjá í Norræna húsinu er til marks um þá miklu grósku í finnsku listalífi sem ungt fólk hefur staðið fyrir og væri gaman að sjá fljótlega stærri sýningu á ljósmyndalist þess.